



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2026

2512003HA BG
Málalykill: 30.22

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun 2026-2040
og fimm ára aðgerðaráætlun 2026-2030.**

Hafnasamband Íslands fagnar því að lögð sé fram langtíma samgönguáætlun sem fjallar með markvissum hætti um siglingamálefni og hafnir. Hafnir eru grunninnviðir fyrir útflutning og innflutning, fiskveiðar og vinnslu, ferjusamgöngur, ferðaþjónustu og orkuskipti í sjóflutningum, auk þess sem þær gegna vaxandi hlutverki í öryggis- og viðbúnaðarkerfi landsins. Meðfylgjandi er skýrslan „Framtíðin og íslenskar hafnir“ þar sem finna má góða samantekt um mikilvægi og framtíðarsýn íslenskra hafna.

Í fylgigögnum áætlunarinnar er dregið fram að viðhaldspörf hafnarmannvirkja sé víða veruleg og að framlög ríkisins til fjármögnunar viðhalds sé langt frá því að standa undir raunverulegri viðhaldspörf hafna. Hafnasambandið telur því brýnt að samgönguáætlun tryggji aukna fjármögnun þannig að unnt sé að vinna á viðhaldsskuld, efla öryggi og auka getu hafna til að mæta nýjum kröfum. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á mikilvægi þess að auka fjárframlög til öryggis- og varnarmála og í því samhengi nefnt að hluti af þeim fjárframlögum séu til uppbyggingu innviða. Hafnir gegna þar gífurlega mikilvægu hlutverki og er eðlilegt að tryggja aukna fjármuni til uppbyggingar og viðhalds hafna.

Megináherslur Hafnasambands Íslands eru:

1. Hafnabótasjóður: Auka þarf fjármagn og tryggja áhrifamat og sveigjanleika vegna fyrirhugaðra breytinga á styrkhlutföllum, sérstaklega fyrir öryggis-, ferju- og varnartengd verkefni.
2. Orkuskipti í höfnum: Stóraukið fjármagn og átak til orkuskipta og samhæfing við raforkukerfi.
3. Siglingaöryggi og merkingar: Tryggja þarf fjármuni til siglingaöryggis og merkinga m.a. vegna breyttrar nýtingar hafsvæða.
4. Sjóvarnir og loftslagsaðlögun á hafnarsvæðum: Auka þarf fjármagn ásamt skýrri forgangsörðun.
5. Öryggishlutverk hafna: Hlutverk hafna í öryggismálum landsins viðurkennt og eflt: Hafnir skilgreindar sem hluti af öryggis- og varnargetu Íslands, í ljósi aukinna varnartengdra framlaga og aukinna krafna um viðbúnað og móttökugetu.



I. HAFNABÓTASJÓÐUR

Hafnasambandið telur Hafnabótasjóð lykiltæki til að jafna stöðu hafna og tryggja nauðsynlegar framkvæmdir um land allt. Fyrirhuguð lækkun styrklutfalls til tiltekinna hafna, byggð á tekju- og framlegðarviðmiðum, getur þó fært verulegan kostnað yfir á hafnareigendur og þar með sveitarfélög. Vakin er athygli á því að í samgönguáætlun segir:

„Við undirbúning samgönguáætlunar sóttu hafnir um framlag til framkvæmda fyrir um 50 milljarða kr. á tímabili áætlunarinnar. Þar af gæti framlag ríkissjóðs numið allt að 22 milljörðum kr. Framlag ríkissjóðs til nýrra hafnaframkvæmda að frádregnum hafnaframkvæmdum á eldri áætlun er um 6,1 milljarður kr. og því er nauðsynlegt að forgangsraða hafnaframkvæmdum í samgönguáætlun.“

Er því ljóst að hafnabótasjóður stendur engan veginn undir nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum, þ.e.a.s. framlög eru 6,1 milljarður en þörf er 22 milljarðar.

Hafnasambandið gerir einnig athugasemd við að forsendur á bak við úthlutun og ákvarðanir eru ekki opinberar og því er ekki hægt að taka málefnalega afstöðu til úthlutunar. Á þetta sérstaklega við vegna breytinga á reglum um styrklutfall hafnabótarsjóðs og álits Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2023 þar sem fjallað er um samkeppnishindranir á flutningamarkaði.

Óskað er eftir:

- Stórauðnum framlögum til hafnabótasjóðs enda kemur skýrt fram í samgönguáætlun að áætluð framlög standa engan vegin undir viðhaldsþörf og óskum hafna um stuðning.
- Skýrari leiðbeiningum frá Alþingi um forgangsörðun stjórnvalda við úthlutun í hafnaframkvæmdir. Nauðsynlegt er einnig að við mat á framkvæmdum og styrkfjárhæð til hafna sé tekið tillit til þess að sveitarfélög eru mörg hver fjölkjarnasveitarfélög í framhaldi af sameiningum og sveitarfélög hafa stofnað hafnasamlög utan um starfsemi hafna. Taka þarf tillit til þess að mismunandi aðstæður eru í hverri höfn og því ekki hægt að horfa á samstæðu hafna við ákvörðun um styrkfjárhæð. Einnig er nauðsynlegt að gefa skýrari leiðbeiningar um mat á samkeppnisþáttum og óreglulegum tekjum hafna.
- Því er nauðsynlegt að endurskoða regluverk til stuðnings hafnaframkvæmda þar sem gert er ráð fyrir áhrifamati á fjárhag hafna og eigendur þeirra, sveigjanleika og/eða undanþáguheimildum fyrir verkefni sem varða öryggi, ferjusamgöngur, neyðarviðbúnað eða varnargetu og að tekið sé mið af sveiflukenndum tekjustofnun s.s. skemmtiferðaskipum, þannig að tímabundnar tekuhækkningar leiði ekki til óhóflegs samdráttar í ríkisframlögum. Það er sjálfsgöð krafa að forsendur á bak við úthlutun og ákvarðanir séu opinberar svo hægt sé að taka upplýsta afstöðu til úthlutunar.

II. ORKUSKIPTI Í HÖFNUM

Orkuskipti skipa krefjast verulegra fjárfestinga í hafnainnviðum, m.a. landtengingu. Hafnasambandið leggur til að samgönguáætlun tryggji öllum höfnum fjármagn til orkuskipta. Einnig þarf að skoða betur samspil milli mismunandi áætlana um orkuskipti og uppbyggingu raforkukerfisins.

Mikilvægt er að:

- Tryggja öllum höfnum aðgengi að fjármagni til orkuskipta
- Setja forgang orkuskipti sem tengjast ferjusamgöngum, lykilflutningum og viðbúnaði.
- Skoða samspil uppbyggingu raforkukerfisins og áætlana um orkuskipti skipaflotans.

III. SIGLINGAÖRYGGI OG MERKINGAR

Aukin og breytt nýting hafsvæða getur kallað á endurskoðun siglingaleiða, merkja og öryggisráðstafana. Hafnasambandið leggur til að sett sé fjármagn til nýbyggingar og endurbóta á hafnarvitum og leiðarmerkjum til hafna. Slík heimild er sérstaklega mikilvæg þegar breytingar snerta sjókvíeldi, aðsiglingar að grunnnetshöfnum eða svæði þar sem slysa- og mengunarhætta er talin veruleg.

Óskað er eftir:

- Auknum framlögum til nýbyggingar og endurbóta á hafnarvitum og leiðarmerkjum til hafna.

IV. SJÓVARNIR OG LOFTSLAGSAÐLÖGUN Á HAFNARSVÆÐUM

Sjóvarnir og aðlögun að hækkandi sjávarstöðu og auknum veðurofsa eru forsenda rekstraröryggis hafna. Tryggja þarf aukna fjármuni í loftslagsaðlögun og sjóvarnir með áherslu á verkefni sem verja grunnnetshafnir og lykilinnviði.

Óskað er eftir:

- Auknum framlögum til sjóvarna með áherslu á að verja grunnnetshafnir og lykilinnviði.

V. ÖRYGGISHLUTVERK HAFNA

Öryggisumhverfi í Norður-Atlantshafi hefur breyst og opinber stefnumörkun hefur beinst að auknum varnartengdum framlögum og styrkingu innviða. Hafnir, hafnaraðstaða og tengdir flutningsinnviðir gegna lykilhlutverki í birgðakeðjuöryggi, móttökugetu, neyðarviðbrögðum og stuðningi við þjóðir NATO. Hafnasambandið leggur til að það sé sett aukið fjármagn til uppbyggingar og viðhalds hafna með hliðsjón af öryggishlutverki þeirra og áherslum ríkisstjórnarinnar um að auka fjárframlög til öryggis- og varnarmála.

Sem dæmi um verkefni sem styðja við varnarhlutverk hafna eru:

- bæta móttöku- og þjónustugetu í grunnnetshöfnum (bryggjukantar, dýpkun, aðgengi)
- styrkja eldsneytis- og birgðainnviði
- efla viðbragðsgetu (t.d. aðstaða fyrir dráttarbáta, björgun og neyðarviðgerðir)


Hafnasambandið hvetur jafnframt til þess að samgönguáætlun, fjármálaáætlun og öryggistengd áætlanagerð stjórnvalda séu samræmdar þannig að hafnainnviðir sem gegna lykilhlutverki fyrir viðbúnað og varnir njóti viðeigandi forgangs og fjármögnunar.

VI. AÐ LOKUM

Hafnasamband Íslands hvetur til þess að fjármagn til hafna verði aukið með það að markmiði að byggja upp og viðhalda hafnainnviðum um land allt. Hafnir eru lykilforsenda atvinnulífs, byggðapróunar, öryggis og viðbúnaðar, og fjárfestingar í höfnum skila sér í aukinni verðmætasköpun og bættri þjónustu við samfélög og fyrirtæki. Hafnasambandið er reiðubúið að fylgja umsögninni eftir og óskar eftir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar til að fara nánar yfir sjónarmið Hafnasambandsins.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands